

## 7. stjórnarfundur Samtaka orkusveitarfélaga 15. október 2012 - símafundur

*Mættir voru: Stefán Bogi Sveinsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Sveinn Steinarsson, Jens Pétur Jensen, Gunnar Þorgeirsson, Dagbjört Jónsdóttir, Eyjólfur Sæmundsson og Valur Rafn Halldórsson frá sambandinu.*

Dagskrá

1. Afgreiðsla fundargerða
2. Kosning í embætti
3. Meðferð fundargerða
4. Formleg afgreiðsla nafnabreytingar
5. Ráðstefna
6. Fjármál 2012
7. Önnur mál

### **1. Afgreiðsla fundargerðar (aðalfundur, 5. og 6. stjórnarfundur)**

Fundargerðir lagðar fram og samþykktar. Starfsmanni falið að senda þær út á aðildarsveitarfélög

### **2. Kosning í embætti**

Formaður lagði til að ritari yrði Bryndís Gunnlaugsdóttir og að varaformaður yrði Eydís Indriðadóttir. Lagði hann einnig til að þessir aðilar myndi framkvæmdastjórn ásamt formanni.

*Samþykkt samhljóða*

### **3. Meðferð fundargerða**

Formaður lagði fram þá tillögu að ritara verði veitt heimild til að afgreiða fundargerðir og senda þær út eftir að stjórnarmeðlimir hafi samþykkt þær í tölvupósti. Ákveðið var að stjórnarmenn fengju tvo sólahringa til að gera athugasemdir við fundargerð. Ef engar athugasemdir berast hefur ritari heimild til að senda fundargerðina út á aðildarsveitarfélög.

*Samþykkt samhljóða*

### **4. Formleg afgreiðsla nafnabreytingar**

Ritara falið að fylgja eftir formlegri nafnabreytingu hjá Fyrirtækjaskrá.

### **5. Ráðstefna - Er skipting arðs af orkuauðlindum sanngjörn?**

Rætt var um ráðstefnuna sem haldin verður í Bláa lóninu þann 16. nóvember n.k.

- Ákveðið var að hafa dagskrána bæði á ensku og íslensku og var verkefnisstjóra falið að fá glæsur fyrirlesarar fyrirfram svo hægt verði að þýða þær fyrir ráðstefnuna.
- Formaður gerði grein fyrir fjárhagsáætlun ráðstefnunnar sem og þeim styrkjum sem samtökin hafa fengið vegna hennar.
- Framkvæmdastjórn var falið að setja upp auglýsingu og dreifa henni.
- Aðildarsveitarfélög fá ekki frítt á ráðstefnuna en stjórn, varastjórn og fyrirlesarar fá frítt.

## 6. Fjármál 2012

Staðan er í samræmi við áætlun. Ákveðið að starfsmaður sendi upplýsingar út á stjórnarmeðlimi.

## 7. Önnur mál

Rætt var um drög að umsögn til Auðlindastefnunefndar sem kynnt voru á 5. fundi stjórnar. Formanni falið að vinna drögin áfram og senda þau á stjórnarmeðlimi og þeir beðnir um að koma með tillögur að breytingum.

Rætt var um hvort samtökin ættu að koma að umsögn um Rammaáætlun sem nú er til umræðu innan Alþingis. Fram kom hjá nokkrum stjórnarmönnum að rétt væri að byggja á því sjónarmiði að miða ætti við þau drög að áætlun sem fagnefnd skilaði frá sér í upphafi. Jafnframt kom fram að stjórnarmenn teldu rétt að ræða málið innan sinna sveitarfélaga áður en umsögn fær frá samtökunum. Formanni falið að vinna tillögu að umsögn og senda á stjórnina í tölvupósti. Fram kom að veittur hefur verið almennur frestur til 22. október til að skila inn umsögnum um málið.

Fram komu áhyggjur af því að spurning í fyrirhugaðri þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs væri óskýr. Þar er spurt hvort auðlindir sem ekki eru í einkaeigu ættu að verða í þjóðareign. Vangaveltur um hvort ekki sé tryggt að auðlindir í eigu sveitarfélaga teljist í einkaeigu í skilningi þessa ákvæðis. Æskilegt er að þetta getir verið skýrt af hálfu þeirra sem leggja spurninguna fram.

**Fundi slitið kl. 14:45**